

71
27. júní

b. Aftan við sömu lagagr. bætist:

Heimilt skal að kjósa jafnmarga varamenn í sóknarnefndir, og gilda sömu reglur um kosningu þeirra, kjörgengi og kjörtímabil sem um aðalmenn. Varamenn taka sæti aðalmanna, sem ekki geta sinnt nefndarstörfum um stundarsakir, eftir þeirri röð, sem þeir eru kosnir í. Heimilt skal sóknarnefnd að kveðja varamenn sér til aðstoðar, þegar hún telur ástæður til.

3. gr.

a. Byrjun síðustu málsgr. 16. gr. laganna orðist svo:

Safnaðarfulltrúar hafa 7 kr. fyrir hvern dag, sem þeir eru utan heimilis vegna héraðsfunda.

b. Við sömu lagagr. bætist ný málsgr.:

Heimilt er að kjósa varasafnaðarfulltrúa. Um kosningu hans, kjörgengi og kjörtímabil gilda sömu reglur og um safnaðarfulltrúa. Þegar safnaðarfulltrúi getur ekki sótt héraðsfund, kemur varafulltrúi í hans stað.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

72
27. júní

L Ö G

um breyting á lögum nr. 40 30. júlí 1909, um sóknargjöld.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1.—4. gr. laganna falli úr gildi frá 1. júní 1942.

2. gr.

Síðari hluti annarrar málsgr. 7. gr. laganna orðist svo: enda nemi framlög þau, er söfnuðurinn greiðir árlega til kirkju, eigi minna en sem svarar því, er meðlimum hans ella hefði borið að greiða til þjóðkirkjunnar. Undanþegið þessu gjaldi er sömuleiðis allt rúmfast fólk 67 ára eða eldra.

3. gr.

Tveir fyrstu málsliðir 9. gr. laganna falli niður, en í þeirra stað komi:

Kirkjugjald skal miða við almanaksár og greiðist þeirri kirkju eða söfnuði, þar sem gjaldandi á lögheimili í ársbyrjun, og er eindagi þess 31. marz ár hvert fyrir það ár, sem er að líða.

Á næsta ári eftir að lög þessi öðlast gildi skal jafnframt innheimta hálftrúarsgjald fyrir þann helming fardagaársins, sem liðinn er.

4. gr.

72

Síðasti málsliður 10. gr. laganna orðist svo: Fyrir gjaldskylda styrkþega greiðir hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóður sóknargjöld. 27. júní

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

L Ö G

73

um söngmálastjóra þjóðkirkjunnar.

27. júní

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Skipa skal söngmálastjóra fyrir hina íslenzku þjóðkirkju. Skal hann vera söngfróður maður og vanur að kenna söngflokkum. Heldur hann námskeið með kirkjuorganistum, leiðbeinir þeim um söngkennslu og söngstjórn, aðstoðar þá við stofnun safnaðarsöngflokka, heldur almenn námskeið í safnaðarsöng og vinnur á annan hátt að því, með prestum og organistum, að íslenzkur safnaðarsöngur verði sem almennastur og fegurstur.

Jafnframt leiðbeinir hann prestum, eftir því sem við verður komið, um tón og rétta beiting raddar.

Biskup setur söngmálastjóra erindisbréf. Laun hans greiðast úr ríkissjóði.

2. gr.

Dóms- og kirkjumálaráðherra skipar söngmálastjóra í samráði við biskup. Ráðherra ákveður laun söngmálastjóra og ferðakostnað hans.

3. gr.

Nánari reglur um starfssvið söngmálastjóra setur biskup í erindisbréfi og starfsáætlun fyrir hvert ár.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.